

# Lög

um

Nr. 3.  
19. júní.

breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands  
nr. 17 frá 3. október 1903.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eftirlaun ráðherra skulu afnumin þegar hin nýju stjórnarskipunarlög ganga í gildi.

2. gr.

Nú fer maður úr embætti, er eftirlaunarjettur fylgir, í ráðherraembætti eða tekur slíkt embætti eftir að hann hefir slept ráðherraembætti, þá fær hann að eins þau eftirlaun, er því embætti fylgja.

3. gr.

Ur lögum er numin 3. gr. laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. október 1903.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Einar Arnórsson.*